

Fundur 28.10.2024 Gregor Úkraínu maður.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Og komið þið sæl, finn ég magnaðar sendingar til mín streyma, og í þetta skiptið vildi ég tala til þeirra fjölmörgu sem geiminn byggja, þar sem von til þess að láta það heyrast til gömlu jarðarinnar.

Og finnst mér það stórmerkilegir atburðir sem gerast á jörðinni ykkar, og eru þeir í fullu samræmi við það sem gerist á okkar jörð. Og hef ég lengi þráð að komast í samband við ykkar jörð, svo það megi ljóst vera að samband er á milli, og menningar heimana er unnt að brúa.

Ég hef fluttst oft á milli hnattanna en ég hef viljað, sökum ástandsins sem hér hefur ríkt. Og hlusta ég hér á merkilegar ræður, leiðtoga okkar þjóðar, og sumt af því vekur mér ugg, þar sem ég hef heyrt slík loforð áður um sigur í orrustum og gull og græna skóga, en hefur það ekki gengið eftir.

Hef ég vitað af þessum möguleika, nokkuð lengi, en ekki hef ég sinnt honum, og hef ég oftast spurt þá sem hafa talað við mig um frið og kærleika þjóðanna á milli, á okkar hnetti, hvort að ekki sé nauðsynlegra að reka burt innrásarliðið og fá sjálfstæði, eða yfirráð yfir ökrum okkar og matvæla héruðum, og geta brauðfætt fólkið okkar, og því sé það nauðsynlegra að grípa til vopna áfram, en að huga að friðarmálum.

En þó hef ég breyst með árunum og hef ég litið öðru vísi á, síðan ég kom hingað, en ég var á minni fyrstu jörð og minni annari jörð, og er ég nú farin að huga að öðrum þáttum en hernaðarmálum.

Er ég kominn af fátæku bændafólki, en var það mér mikil upplifun að koma fram á mínum fyrsta framlífs hnetti. Og blandaðist þar saman sársaukinn af andláti mínu og viðskilnaði og pólitísku andrúmslofti. Og kenndi ég um þeirri þjóð sem einnig var að ofsækja okkur og hafði verið að ofsækja okkur í jarðlífinu gamla.

Og var menningar ástandið þess eðlis að við sem höfðum sinnt landbúnaði og ýmsum þannig störfum, sóttum út í hernað á fyrsta framlífs hnetti okkar. Og var það einnig svo á næsta framlífs hnetti, en er ég hér farinn að huga að friðarmálum, og hef ég heyrt ljóð og kvæði eftir skáld þau sem til voru á frumlífs hnetti okkar. Og fjalla þau um ótrúlegustu mál sem mér voru hagleikin á frumlífs árum mínum og vildi ég mennta mig meira en ekki varð úr því og ekki hafði ég tækifæri til þess.

En nú er ég farin að fá áhuga á því aftur, og hingað á þennan hnött hafa komið ýmsir sem hafa sagt mér margvíslegar sögur frá gömlu jörðinni. Og er hér einnig vaxandi friðarhreyfing og flókið mannlífið, það eru margir hópar af ýmsum þjóðernum og vil ég gjarnan ferðast til annarra landa og kynnast þeim.

En ættin togar, það eru stéttarböndin sem mynduðust á fyrsta framlífs hnetti mínum, sem eru mér til trafala og verð ég að komast út úr því umhverfi og kynnast nýju fólki, og hef ég að nokkru byrjað þá vegferð.

Kynntist ég fólki á annarri framlífs jörð minni, og sagði mér maður frá þeim tengingum, að starf þetta að tengjast öðrum hnöttum væri tengt öðrum þjóðum sem þennan hnött byggðu, en fékk ég áhuga á, á þessum framlífs hnetti.

Og ungu mennirnir sem féllu af ykkar jörð, eru sumir virkir í friðarhreyfingum þessa hnattar og hafa samtölin við þá, hreyft við mér og sakna þeir sinna fjölskyldna og vonuðu að þessi átök hefðu ekki hafist hjá ykkur og vilja að þeim ljúki með friði og samningum.

Féll ég í hungursneyð sem varð fyrir næstum hundrað árum á ykkar jörð og hef verið á þremur framlífs jörðum og tekið þátt í styrjöldum, Úkraínu maður Gregor heiti ég.

*Velkominn.*

Þakka ég fyrir. Og hef ég hitt hér nokkra, sem hafa sagt mér merkilegar sögur og vona að þið heyrið friðarboðskap minn, og ætla ég að reyna að halda áfram á þessari friðarbraut á þessum hnetti, en ekki er allt friðsamlegt á okkar jörð þó, og get ekki sagt frá því nánar.

Þakka ég fyrir mig, Og finn ég góð áhrifin og vona að góð orka komi frá okkur einnig.

Þakka ég fyrir, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna, og vertu sæll.*